



Slys á barni í leik-/grunnskóla
Viðbrögð – tilkynning – skráning - uppgjör

Starfsmaður skóla hringir í aðstandanda barns og felur honum að fara með barn á sjúkrahús, heilsugæslu, tannlæknis eða fer sjálfur ef því er að skipta.

Ef um alvarleg slys er að ræða skal hringja í neyðarlínuna 112

Starfsmaður tilkynnir slysið til skólastjóra / staðgengils skólastjóra og skráir slysið í ATVIK og tilkynnir slysið til VÍS í gegnum ATVIK.

Fyrsta komugjald á slysadeild/heilsugæslu er greitt af leik-/grunnskóla. VÍS greiðir beinan útlagðan slysakostnað vegna læknishjálpar vegna slyssins, umfram eigin áhættu. Ekki er eigin áhætta á tannbrotstjónum

Slys á barni í leik-/grunnskóla
Viðbrögð – tilkynning – skráning - uppgjör

Til upplýsinga:

Alvarleg slys teljast þau slys sem eru til þess fallin að geta valdið langvarandi heilsutjóni, eins og beinbrot, höfuðhögg, djúpir skurðir, meiðsl á baki og hálsi, tognun og meiðsl á liðum.

Mikilvægt er að tilkynna tjón sem fyrst frá tjónsatburði til þess að eiga það ekki á hættu að tjónið fyrnist. Ekki má draga það að tilkynna tjón lengur heldur en eitt ár frá því að tjónsatburður gerist.

Nánari upplýsingar:

Til að fá nánari upplýsingar er best að hafa samband við tjónadeild VÍS í síma 560-5000 eða viðkomandi tengilið sveitarfélagsins á vinnuslys@akureyri.is